

Matsviðmið fyrir list- og verkgreinar við lok 4. bekkjar

<https://www.adalnamskra.is/grunnskoli/kafli-21-list-og-verkgreinar-2024#matsvi%C3%B0mi%C3%B0-fyrir-list--og-verkgreinar-21-4>

Nemandi getur unnið einföld verkefni með þeirri tækni sem hann hefur lært. Nýtt sér leikni sína í eigin listsköpun við að vinna með hugmynd til loka verkefnis. Beitt hrynjandi og blæbrigðum í verkefnum sínum. Lýst eigin verkum og beitt orðaforða og hugtökum í listum til þess. Rætt um listir og menningu í tengslum við verkefni sín.

Nemandi getur unnið skipulega eftir forskrift og beitt tækjum og tólum við hæfi. Unnið verkefni byggt á eigin hugmynd að fullunninni afurð. Rætt viðfangsefni sitt á skiljanlegan hátt og nýtt sér algeng hugtök. Valið umhverfisvæn efni úr nærumhverfinu. Beitt viðeigandi vinnustellingum og sýnt rétta notkun hlífðarbúnaðar. Tengt íslenskt hráefni við verkefni sitt.